

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 120/2012

2012/EES/56/17

frá 15. júní 2012

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2012 frá 30. apríl 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 62/2012 frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána frá 2013 yfir aukamarkbreytur fyrir vellíðan <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ib (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1157/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ic. **32012 R 0062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 62/2012 frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána frá 2013 yfir aukamarkbreytur fyrir vellíðan (Stjttíð. ESB L 22, 25.1.2012, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 62/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 41.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. ESB L 22, 25.1.2012, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.